

- a. til skipabygginga allt að 75% af vátryggingarmatsverði gegn fyrsta og eða 195
öðrum veðrétti skipsins eða skipanna, og eða öðrum tryggingum, sem 11. okt.
sjóðsstjórnin metur gildar. Lán þessi má veita til allt að 15 ára með sömu
ársvöxtum og Fiskveiðasjóður Íslands lánar á sama tíma. Við eigenda-
skipti hafi Akraneskaupstaður forkaupsrétt að þeim skipum, sem standa
að veði fyrir lánnum úr sjóðnum;
- b. til verkamannabústaða allt að fasteignaverði hússins eða húsanna út á
fyrsta og eða annan veðrétt. Lán þessi má veita til 25 ára gegn 3% —
þremur af hundraði — ársvöxtum.

5. gr.

Ekki má veita bæjarsjóði lán úr sjóðnum, nema bæjarstjórn hafi árlega lagt
í sjóðinn 5000 — fimm þúsund — krónur hið minnsta, samanber þó niðurlag 2.
greinar. Ekki má heldur veita lán úr sjóðnum nema sá, sem lán er veitt, sé skuld-
laus við sjóðinn með vaxta- og afborgunargreiðslur.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal skipuð þremur mönnum búsettum á Akranesi, er bæjar-
stjóra kys til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn til 6 ára. Skulu þeir kosnir hlut-
bundinni kosningu, og skal ávallt a. m. k. einn þeirra vera utan bæjarstjórnar.
Þrjá varamenn í stjórn skal kjósa samtímis og á sama hátt.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir hann og færa inn í hana skipu-
lagsskrá þessa, umsóknir um lán úr sjóðnum, lánveitingar og annað, er varðar
hag og rekstur hans. Henni ber að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og
gjöld og færa í hana ársreikning hans.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórnin birta ársreikning hans
í Lögbertingablaðinu. Bæjarstjórn kys endurskoðendur.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Skipulagsskrá þessa skal birta í B-deild stjórnartíðindanna.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 111 10. sept. 1936, um gosdrykki.

1. gr.

Aftan við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Gosdrykki, sem í er koffeín, skal auðkenna með tilliti til þess og skrá koffeín-
magnið í mg á hverja flösku.

2. gr.

Upphaf 6. greinar reglugerðarinnar skal orða svo:
Sérstaklega er óheimilt að búa til þær vörur, sem nefndar eru í 1.—4. gr. þess-
rar reglugerðar, á þann hátt, að í þeim sé:

- 196 1. a. arsen, blý, zink, antimón, kadmíum, kopar eða amýlnítrít,
12. okt. b. koffeín, er nemi meira en 250 mg í 1000 cm³.

3. gr.

Aftan við 12. tölulið 8. gr. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

13. Gosdrykkir, sem í er koffeín, enda séu þeir ekki auðkenndir með orðunum:
Inniheldur koffeín mg í flöskunni.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi gengur í gildi 1. desember 1943.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 12. október 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

197

12. okt.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs við Fnjóskárósa.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er öll veiði göngusilungs bönnuð í sjó, fyrir strandlengjunni út frá Fnjóskárósi, frá Sæbóli að Kljáströnd að báð-um jörðum meðtöldum.

Bann þetta gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

198

25. okt.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 40 króna árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn.

Hafi bifreið eða bifhjól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði 10 kr. fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

2. gr.

Fyrir próf bifreiðarstjóra greiði umsækjandi kr. 40.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.